



með þeirri breytingu, að í stað sektarinnar komi 7 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að 7 mánaða einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar, ef hún fæst eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ronald Joseph Hall, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ronald Josep Hall, skipstjóra á b/v. G. Y. 482, »Mangolia« frá Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum landhelgislöggjafarinnar.

Málavextir eru þeir, sem nú skál greina:

Þriðjudaginn 8. október var varðskipið Ægir á austurleið út af Portlandi, kl. 8,57 árdegis gjörði skipið eftirfarandi staðar-ákvörðun: Vesturkantur Péturseyjar, rétt fram undan Portlandsvíta og milli þeirrar línu og Höttu 53° 40', samtímis var mælt milli Höttu og tveggja togara, er voru því sem næst í sömu línu nokkru austar, 93° 20'. Sá togari, sem virtist vera heldur nær varðskipinu, var þá að snúa frá landi, kl. 9,03 sneri eystri togarinn einnig út frá landi.

Kl. 9,04 var stöðvunarmerki dregið upp og sneru þá báðir

togararnir undan landi, kl. 9,05 var skotið púðurskoti. Kl. 9,07 var skotið öðru púðurskoti. Kl. 9,08 var gefin eftirfarandi staðarákvörðun:

Portland  
                   > 43° 30'  
 Hatta  
                   > 70° 30'  
 Hjörleifshöfði

Kl 9,09 var skotið kúluskoti, því sem næst mitt á milli togaranna. Nam þá eystri togarinn staðar kl. 9,12, sást að hann var byrjaður að draga inn vörpuna. Kl. 9,17 var komið að honum, og reyndist það að vera togarinn G. Y. 482, »Mangolija« frá Grimsby, sem var að draga inn stjórnbörðsvörpuna, var þá eftirfarandi staðarákvörðun gjörð hjá togaranum um leið og farið var fram hjá honum:

Portland  
                   > 32° 00'  
 Hatta  
                   > 67° 20'  
 Hjörleifshöfði

Gefur það stað togarans 0,25 sm. innan landhelgislinunnar.

Var skipið þá tekið fast og haldið með það til Reykjavíkur og komið þangað kl. 7,15 árdegis 9. þ. m.

Við réttarrannsókn í þessu máli hefir kærður lýst því yfir, að hann véfengi ekki skýrslu skipherrans á varðskipinu. Kveðst hann að visu ekki hafa heyrt nema eitt skot, og hafi hann þá numið staðar samstundis og hann heyrði það skot. Þá hefir hann og tekið það fram, að hann hafi ekki verið af ásetningi innan landhelgislinunnar. Kveðst hann hafa gjört staðarákvarðanir rétt áður en hann var tekinn og hafi hann samkvæmt sínum mælingum átt að vera rétt utan við landhelgislinuna. En hann tekur það fram, að á þessum staðarákvörðunum sínum sé ekki mikið að byggja, því að kompás hans hafi verið mikið skakkur, og þó að hann hafi við mælinguna tekið nokkuð tillit til skekkju kompássins, þá hafi siðar komið í ljós að skekkjan var miklu meiri en hann hafði gjört ráð fyrir. Það hefir því ekkert komið fram, sem hnekk geti skýrslu skipherrans, sem gjörð er með ágætum tækjum og af æfðum mönnum. Verður að leggja skýrslu þessa til grundvallar í málinu, — og er með henni nægilega sannað,

að kærði hefir verið að veiðum innan islenzkrar landhelgi rétt áður og þegar varðskipið kom þar að honum kl. 9,17 árdagis 8. þ. m.

Með framferði sínu, sem lýst er hér að framan, hefir kærður, sem ekki hefir áður svo vitað sé, gjörzt brotlegur við ákvæði islenzkrar rískiveiðalöggjafar, gjörzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir þetta brot samkvæmt 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 1924, og með tilliti til þess, að gengi islenzkrar krónu er í dag, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að ein króna islenzk jafngildir 82,17 aurum gulls — hæfilega ákveðin 12500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess sé allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum G. Y. 482, »Mangolia« frá Grimsby, upptækt og renni andvirði í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

### Leiðréttingar.

---

- Bls. 1015 1. l. n. fyrir bannað komi leyfilegt.  
 — 1025 9. l. o. — 1929 komi 1928.  
 — 1056 15. l. n. — auglýst komi upplýst.  
 — 1139 3. l. o. — kr. 1700 komi kr. 17000.  
 — 1197 5. l. o. — kr. 347.90 komi kr. 374.90.  
 — 1242 17. l. o. — tölu komi tölulið.
-